


## Niðurstöður og framhald máls

Í febrúar 2019 sendi félags- og barnamálaráðherra bréf til ríflega 600 viðtakanda, um land allt, þar sem vakin var athygli á yfirstandandi vinnu við stefnumótun í málefnum barna og ungmenna og voru viðtakendur hvattir til að senda inn ábendingar og bjóða fram þekkingu sína með þátttöku í hliðarhópum á opnum fundum. Að auki var bréfið birt í fjölmiðlum og samráðsgátt stjórnvalda. Um 700 ábendingar og óskir um þátttöku bárust vegna bréfsins og í lok mars voru fullskipaðir átta hópar um tiltekin málefni. Skipting hópanna var ákvörðuð af þingmannanefnd um málefni barna og var þeim falið að fjalla um forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir, samstarf þjónustukerfa, skilvirkni og skipulag úrræða, börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu, barnaverndarlög, tækni og jöfnun þjónustu á landsvísu, gagnagrunn og upplýsingamál og velferð og virkni ungs fólks á aldrinum 18-24 ára.



Hliðarhóparnir funduðu tvisvar, á tímabilinu frá apríl til maí, með það að markmiði að fara skipulega yfir málefnasvið síns hóps og svara spurningum og álitaeftum sem þingmannanefndin setti fram. Í júní 2019 var haldinn vinnufundur þar sem þátttakendum hliðarhópanna gafst tækifæri til að ræða málin og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Að fundinum loknum fór fram vinna innan veggja félagsmálaráðuneytisins, í þingmannanefnd um málefni barna og í stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna þar sem farið var yfir þær tillögur og þau sjónarmið sem borist höfðu í gegnum hið víðtæka samráð.

Á haustmánuðum 2019 boðaði félags- og barnamálaráðherra, í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga, til opinnar ráðstefnu undir yfirskriftinni Breytingar í þágu barna. Á ráðstefnunni kynnti ráðherra, ásamt fulltrúm þingmannanefndarinnar og formanns stýrihóps Stjórnarráðsins í málefnum barna helstu niðurstöður samráðsins og fyrstu drög að tillögum þeirra lagabreytinga sem fyrirhugaðar eru. Sú vinna stendur enn yfir og er áætlað að leggja fram þrjú frumvörp á vörþingi 150. löggjafarþings og fleiri á haustþingi 151. löggjafarþings.